

Reglur um sölu á lausafé Húnaþings vestra og undirstofnana

Reglur þessar eru settar til að samræmis sé gætt við ráðstöfun á lausafé það sem ekki eru not fyrir hjá sveitarfélagini og að hagsmunum sveitarfélagsins sé gætt við ráðstöfun þess. Jafnframt til að jafnræðis sé gætt við sölu lausafjármuna og að sem flestir áhugasamir hafi tækifæri til að bjóða í viðkomandi hluti.

1. gr.

Sala sem vænta má að verði yfir 1.500.000 kr. skal samþykkt af byggðarráði.

2. gr.

Ef áætlað söluverðmæti er undir 300.000 krónum að vel ígrunduðu mati forstöðumanns og sveitarstjóra, er honum frjálst að selja lausafé beinni sölu án þess að leita tilboða.

3. gr.

Ef áætlað söluverðmæti er milli 300.000 og 1.500.000 kr. skal ferill sölunnar vera með eftirfarandi hætti:

1. Sviðsstjóri/forstöðumaður ákvarðar lágmarksverð í samráði við sveitarstjóra.
2. Salan skal auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins www.hunathing.is og kynnt eins og annað sem frá sveitarfélagini kemur. Óskað skal tilboða. Í auglýsingu er ákvarðað lágmarksverð ekki gefið upp.
3. Frestur til að skila inn tilboðum skal vera 2 vikur.
4. Hæsta boði skal tekið að því gefnu að það sé yfir lágmarksverði. Miða skal við staðgreiðslu og að lausafé sé ekki afhent fyrr en greiðsla hefur farið fram að fullu.
5. Ef hæsta boð er ekki yfir lágmarksverði skal auglýst einu sinni aftur.
6. Ef ekkert boð fæst yfir lágmarksverði eftir aðra auglýsingu er forstöðumanni sem hefur umráð yfir lausafénu heimilt að selja eða ráðstafa með öðrum hætti (t.d. finna not hjá öðrum deildum Húnaþings vestra) í samráði við sveitarstjóra, eða ákvarða nýtt lágmarksverð í samráði við sveitarstjóra ef hið fyrra hefur reynst óraunhæft. Forstöðumanni er ekki heimilt að selja undir lágmarksverði.

Skjal þetta hefur vísan í eftirtalin Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:



þorleifur Þór Þorleifsson
Ólafur Ólafsson
Jugímar Sigurðsson
Elin Lilja Gunnarsdóttir
Sigrður Ælvadóttir
Þorgrímur Guðni Þórðarson
Máruna Vig - Þóvaldsdóttir